

Til forráðamanna og þeirra er málið varðar

Í dag sáu börnin í skólanum sýningu um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi á börnum á leiksýningunni Krakkarnir í hverfinu. Sýningin stendur til boða öllum börnum í 2. bekk grunnskóla. Hún er kostuð af Vitundarvakningu gegn kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi á börnum. Vitundarvakningin er samstarfsverkefni innanríkisríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis.

Krakkarnir í hverfinu er leikþáttur þar sem brúður eru notaðar til að fræða börnin um ofbeldi og mikilvægi þess að börn segi frá. Brúðurnar ræða saman um það sem þær hafa lent í. Jóhanna segir frá því hvernig kærasti mömmu hennar snerti hana á óviðeigandi hátt og hvaða hjálp hún fékk eftir að hún sagði frá. Stefán segir vini sínum frá því hvernig mamma Stefáns beitti hann ofbeldi og hvernig þau fengu bæði hjálp eftir að hann sagði kennaranum sínum frá.

Af hverju Krakkarnir í hverfinu? Með því að nota brúður til að tala við og svara spurningum um þennan viðkvæma málaflokk er oft hægt að ná betur til barna. Námsráðgjafi, félagsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur eða sálfræðingur eru viðstaddir hverja sýningu.

Brúðustjórnendur eru Hallveig Thorlacius, Helga Arnalds og Sólveig Guðmundsdóttir. Frekari upplýsingar um leikritið veita Hallveig í síma 8655255 hallveig@xx.is eða Helga í síma 8953020 hekla@mmedia.is.

Frekari upplýsinga um efnið er hægt að nálgast á vef Vitundarvakningar: vel.is/vitundarvakning.